

Ályktun stjórnar BSRB um HS Orku - 21. maí 2010

Stjórn BSRB lýsir furðu sinni og vonbrigðum á þeim þáttaskilum í íslensku samfélagi sem orðið hafa með sölu á þriðja stærsta orkufyrirtæki landsins að fullu til erlends aðila. Raforkuframleiðsla á að vera samfélagslegt verkefni. Það er stefna BSRB að auðlindir landsins séu sameign þjóðarinnar og mikilvægt að standa vörð um og sjá til þess að nýting þeirra og arður af þeim skili sér til landsmanna.

Erlendir aðilar hafa sölsað undir sig meirihluta eignahalds á HS Orku. Ríkisstjórnin hefur sofið á verðinum þegar síst skyldi. BSRB harmar söluna því þjóðarhagur, hagsmunir almennings, er í húfi og sjálfbærni komandi kynslóða.

BSRB kallar eftir heildstæðri löggjöf þar sem kveðið er á um að auðlindir þjóðarinnar verði í samfélagslegri eigu. Vinna að þessu hefur dregist úr öllu hófi og sjáum við nú afleiðingar þess. Tryggja þarf að hagsmunir almennings séu hafðir að leiðarljósi í stjórnun fyrirtækja sem nýta auðlindir okkar allra. Þjóðarauðlindir á ekki að braska með á alþjóðlegu markaðstorgi eins og nú er staðreynd.